

## **71. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 24. janúar 2013, kl.17:00 í grunnskólanum á Bakkafirði.**

**Mætt eru:** Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þórsoddsson, Dagrún Þórisdóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Ólöf Arnmundsdóttir, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Ólöf óskaði eftir að bæta við dagskrárlið um urðunarmál á Bakkafirði. Borið undir fundinn að bæta við dagskrárlið sem yrðir þá númer 8. um urðunarmál á Bakkafirði. Lagt fyrir fundarmenn. Þrír samþykktu tillöguna, þrír voru á móti og einn sat hjá. Tillagan var felld.

### **DAGSKRÁ:**

#### **1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 10.01.2013**

Lögð fram til kynningar.

Sigurður Ragnar Kristinsson lagði fram eftirfarandi bókun.

Vegna liðar 1 í fundargerð Umhverfis og skipulagsnefndarnefndar frá 07.01.2013 vil ég taka eftirfarandi fram:

Engin gögn varðandi urðunarsvæði á Bakkafirði lágu fyrir fundinum önnur en fundargerð US nefndar og var málið kynnt með þeim orðum að hér væri um skammtímalausn að ræða.

Í mats og skipulagsáætlun sem birtist á heimasíðu sveitarfélagsins daginn eftir er sagt að vinna standi yfir vegna starfsleyfisumsóknar fyrir urðunarsvæðið til næstu 16 ára. Þar kemur jafnframt fram að til að framlengja starfsleyfið þurfi að ráðast í ýmsar athuganir og áætlanagerðir fyrir urðunarsvæðið og þar á meðal gera deiliskipulag fyrir svæðið og meta áhrif þessarar áætlunar á umhverfið.

Velflestir íbúar Bakkafjarðar mótmæltu urðunarsvæði við þéttbýlið á Bakkafirði með undirskriftalista sem var sendur á sveitarstjórn sem athugasemd við aðalskipulag síðastliðið sumar. Í svari sveitarstjórnar var m.a. þetta að finna:

*„Vinna er hafin við að finna framtíðar urðunarstað fyrir sveitarfélagið og mun urðunarsvæðinu á Bakkafirði lokað og frá því gengið er nýtt svæði tekur við. Á meðan á því ferli stendur eru íbúar Bakkafjarðar beðnir velvirðingar á þeirri truflun sem af hlýst.“*

Þarna eru mjög misvísandi upplýsingar um stefnu sveitarfélagsins varðandi hvenær fyrirhugað er að hætta urðun við Bakkafjörð, mér er kunnugt um að talsverður kurr er í íbúum Bakkafjarðar vegna þessa.

Sigurður leggur fram eftirfarandi tillögu: Að sveitarstjóra og oddvita verði falið að mæta á íbúafund sem boðaður er á Bakkafirði í kvöld og útskýra málið fyrir íbúum. Lagt fyrir fundarmenn. Þrír samþykktu tillöguna en þrír voru á móti og einn sat hjá. Tillaga féll á jöfnu.

Þeir sem voru á móti tiltóku að þeir vildu hafa betri tíma til að undirbúa slíkan fund. Sveitarstjóri sagði að sjálfsögðu yrði fundað með íbúum í þessu ferli.

Dagrún lagði fram eftirfarandi bókun: Telur mikilvægt að sveitarstjórnamenn mæti á fundinn í kvöld þó svo fyrirvarinn sé stuttur til að hlýða á umræðuna um þessi sorpmál.

## **2. Fundargerð Eyþings dags. 11.12.2013**

Lögð fram til kynningar.

## **3. Fundargerð nefndar um skipulags Eyþings og sóknaráætlun fundargerð 1,2 og 3**

Lagðar fram til kynningar.

## **4. Skýrsla sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

Sveitarstjóri kynnti að verið væri að vinna í fasteignargjöldunum sem send verða út í næstu viku. Sveitarstjóri sagði frá því að hann væri að vinna í því að fá uppfærslu á símsstöðvum á Þórshöfn og Bakkafirði til að fá betri tengingar varðandi sjónvarp.

Sigríður fór yfir nokkra punkta varðandi fund sem haldinn var í Skúlagarði fyrir sveitarstjórnarmenn um daginn á vegum Atvinnuþróunarfélags Þingeyjunga.

Spurt út í endurskoðun samþykkt. Sigríður kynnti stöðuna á því

Spurt út í hvort væri búið að tímasetja það hvenær endurskoðendur koma í endurskoðunnarvinnunnar. Sigríður kynnti stöðuna á því.

## **5. Umsókn um tækifærisleyfi.**

Indriði Þóroddsson sækir hér með um tækifærisleyfi vegna þorablóts í grunnskólanum á Bakkafirði 2. feb. 2013. Umsóknin samþykkt samhljóða.

Sigurður Ragnar Kristinsson lagði fram eftirfarandi bókun: Í ljósi breytts aldurstakmarks í Þórsveri legg ég áherslu á að unglingum yngri en 18 ára verði ekki hleypt inn á dansleikinn nema í fylgd forráðarmanna.

## **6. Erindi frá Maríus S. Halldórssyni.**

Í erindinu er verið að kanna hvort það sé vilji sveitarstjórnarmanna að leigja jörðina Hallgilsstaði 1 áfram til búskapar. Núverandi leigjandi hefur komið að máli við sveitarstjórnarmenn og rætt það að hann sé tilbúinn að hætta hafi einhverjir áhuga á því að taka við búskapnum. Sveitarstjórn er sammála því að æskilegt sé að áfram verði stundaður búskapur á Hallgilsstöðum 1 og er sveitarstjóra og formanni landbúnaðarnefndar falið að láta matsmann taka jörðina út hvað varðar ræktun og húsakost. Niðurstaðan úr matinu verður kynnt um leið og hún er tilbúin. Í framhaldi af því verður tekin ákvörðun. Sveitarstjóra er falið að hafa samband við Maríus S. Halldórsson og kynna fyrir honum umræðu fundarins.

## **7. Viðgerð á Íþróttarhúsi .**

Sveitarstjóri sagði frá því að hann hefði samið við Orkuveituna fyrir árið 2013 lækkun á húshitunarráfmagni fyrir íþróttarhúsið, grunnskólann á Þórshöfn, félagsheimilið og Naust. Kostnaður við að koma hita á sundlaugina verður því mun minni í bili en hugsanlega gat orði. Reikna má með því að þessi kostnaður vera um 1 milljón og er hann aðallega fólgin í því að kaupa nýja hitatúpu ,rafhitun í tvo potta ,fjarlægja ónýta næturhitatankinn ásamt vinnu. Lagt til að þessum kostnaði verði bætt við í endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Borið upp. Samþykkt samhljóða.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið 18:47